

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Svövu Jakobsdóttur, Magnúsi T. Ólafssyni og Gylfa P. Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Upphof 2. mgr. orðist svo:

Lánaþjóður veitir einnig fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim, sem tilgreindir eru í 1. gr. o. s. frv.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Í stjórn Lánaþjóðs íslenskra námsmanna eiga sæti 6 menn skipaðir af menntamálaráðuneytinu til 2 ára í senn. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir stjórnarmenn samkvæmt tilnefningu sem hér segir: einn af hálfu fjármálaráðuneytisins, einn af hálfu háskólaráðs, einn af hálfu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn af hálfu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn fulltrúi skal tilnefndur sameiginlega af öðrum námsmannahópum, sem falla undir 1. og 2. gr. Menntamálaráðuneytið setur reglur um val síðastnefnda fulltrúans, að höfðu samráði við samtök viðkomandi námsmanna, og sér um framkvæmd þess.

Varamenn i sjóðsstjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Ráðherra ræður frankvæmdastjóra til 4 ára í senn samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. og ákvæði laga nr. 97/1974.

3. Við 8. gr.

a) 1. mgr. orðist svo:

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi samkvæmt 3. mgr. 7. gr. nemi hið minnsta 2% af vergum tekjum lánþega til skatts. Þó skal árleg endurgreiðsla þeirra, sem fengið hafa lán úr sjóðnum í 3 ár eða skemur nema hið minnsta 1% af vergum tekjum. Endurgreiðslur skulu alveg felldar niður, ef vergar tekjur lánþega og maka hans til skatts eru lægri en hálfar viðmiðunartekjur.

b) 2. mgr. orðist svo:

Hafi lánþegi haft hærri vergar tekjur til skatts, sbr. 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. og 9. gr. laga nr. 11/1975, næsta ár á undan afborgunarári en nemur viðmiðunartekjum þess árs, sbr. 9. gr., skal hann greiða aukaafborgun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. auk afborgunar samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. Aukaafborgunin skal nema 2—12% af vergum tekjum umfram viðmiðunartekjur samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Aukaafborgunin skal þó aldrei vera svo há, að samanlögg upphæð afborgunar samkvæmt 1. mgr. og aukaafborganar nemi meiru en 10% vergra tekna til skatts.

c) Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Endurgreiðslur á námslánum, sem veitt hafa verið skv. eldri lögum, skulu hafðar til hliðsjónar við ákvörðun endurgreiðslna skv. lögum þessum. Skulu endurgreiðslur skv. eldri lögum dragast frá þeirri upphæð sem lánþegi mundi ella greiða skv. lögum þessum.

4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána eða komi í ljós, að afborganir samkvæmt 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar, vegna þess að lánþegi hefur vantalið vergar tekjur til skatts á framtali sinu, getur stjórn sjóðsins ákveðið að af fjárhæð þeirri, sem í vanskilum er, eða af þeirri hækku, sem verður á afborgun vegna endurskattlagningar lánþega, skulu reiknaðir hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar aukaafborganar, sem hækkuð er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækku eða vanskil.